

## Til aðildarfélaga KSÍ

Reykjavík, 8. apríl 2021

### Efni: Óúttekin leikbönn í bikarkeppni KSÍ

Á hverju vori fær skrifstofa KSÍ fyrirspurnir um óúttekin leikbönn frá síðustu leiktíð. Ævinlega er félögum bent á að þeim hafi verið tilkynnt um leikbönn með tölvupósti og það sé á þeirra ábyrgð að gæta þess að leikmenn sem eigi eftir að taka út leikbönn geri svo eða sbr. starfsreglur Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ:

*Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.*

Skrifstofa KSÍ hefur nú tekið saman lista til upplýsingar fyrir félögin um þá leikmenn í meistaraflokki sem eiga eftir að taka út leikbönn vegna leikja í **bikarkeppni 2020**. Á listanum eru leikmenn skráðir í þau félög sem þeir fengu leikbann með. Frá þeim tíma kunna þessir leikmenn að hafa skipt um félag og er því mjög mikilvægt að öll félög kynni sér listann bæði hvað varðar stöðu leikmanna frá 2020 og einnig stöðu leikmanna sem gengið hafa til liðs við félagið. Listinn gefur ekki upplýsingar um óúttekin leikbönn í öðrum flokkum.

#### Listinn er birtur með eftirfarandi fyrirvara:

Allir úrskurðir Aga- og úrskurðarnefndar 2020 um leikbönn voru tilkynntir félögunum með tölvupósti. Ef leikmaður hefur ekki tekið út leikbann sitt 2020 vegna brottvísunar flyst leikbannið í fyrsta eða fyrstu leiki í bikarkeppni KSÍ í viðkomandi flokki (nema leikmaðurinn fari upp um aldursflokk og flyst þá leikbannið með honum þangað). Þessi listi er því hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listinn er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði Aga- og úrskurðarnefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.

Athugið að listinn nær eingöngu til leikbanna í bikarkeppni KSÍ. Sendur verður út annar listi til félaga sem nær til leikbanna í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ.

Ef aðildarfélög finna villu í listanum er þau vinsamlega beðin um að tilkynna Hauki Hinrikssyni, [haukur@ksi.is](mailto:haukur@ksi.is) eða Þorvaldi Ingimundarsyni, [thorvaldur@ksi.is](mailto:thorvaldur@ksi.is), á skrifstofu KSÍ um það. Ef félög eru í vafa um leikbönn er þeim bent á að hafa samband við Hauk, s. 510-2912.

Með kveðju,  
f. h. KSÍ,

Haukur Hinriksson

Hjálagt: Áður nefndur listi.

**FYRIRRVARI: LISTI ÞESSI ER HVORKI TILKYNNING UM LEIKBANN NÉ LEYSIR HANN LEIKMANN UNÐAN LEIKBANNI HELDUR BER AÐ FARA EFTIR TÖLVUPÓSTI FRÁ AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND FRÁ 2020.**

**LEIKMENN SEM VORU ÚRSKURÐAÐIR Í LEIKBANN Í BIKARKEPPNI 2020 OG EIGA ÚTISTANDANDI REFSINGU.**

**LEIKMENN ERU SKRÁÐIR Í ÞAÐ FÉLAG SEM ÞEIR UNNU TIL REFSINGAR MEÐ EN GETA VERIÐ HLUÐGENGIR MEÐ ÖÐRU FÉLAGI NÚ Í UPPHAFI MÓTS OG BER ÞEIM AÐ TAKA ÚT REFSINGU MEÐ ÞVÍ FÉLAGI.**

*Unnið úr gögnum Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 2020 og leikjaskrá KSÍ frá 2020.*

1 leikur	
Nafn	Félag 2020
Andri Már Ágústsson	Léttir
Arnór Borg Guðjohnsen	Fylkir
Aron Kristófer Lárusson	ÍA
Björgvin Heiðar Stefánsson	Hvíti Riddarinn
Bragi Þór Kristinsson	KFB
Brynjar Hlöðversson	Leiknir R.
Emma Steinsen Jónsdóttir	Grótta
Goran Potkozarac	Ægir
Hjalti Arnarson	Mídas
Ingi Freyr Hilmarsson	KF
James Dale	Víkingur Ó.
Jökull Elísarbetarson, þjálfari	
Kristján Ómar Björnsson	Augnablik
Lárus Viðar Stefánsson	KFR
Nikolaj Andreas Hansen	Víkingur R.
Ólafur Karel Eiríksson	Kári
Rúnar Freyr Þórhallsson	Dalvík
Sindri Örn Steinarsson	ÍR
Sólon Breki Leifsson	Leiknir R.
Sæmundur Sven A Schepsky	Elliði
Sæþór Olgeirsson	Völsungur
Tomislav Pehar	Snæfell
Zhivko Dinev	Einherji

**LEIKMENN SEM FLYTJAST UPP Í MEISTARAFLOKK OG EIGA ÚTISTANDANDI REFSINGU VEGNA AGABROTA Í 2. FLOKKI 2020.**

**LEIKBÖNN ÞESSI VERÐUR AÐ TAKA ÚT Í MEISTARAFLOKKI**

1 leikur	
Nafn	Félag 2020
Birgir Ómar Hlynsson	Þór
Óliver Berg Sigurðsson	Grindavík

*Þessi listi er hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listinn er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði Aga- og úrskurðarnefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.*